

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Skipulagsfulltrúi
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

AFRIT

Reykjavík 21. mars 2018
UST201802-300/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing - deiliskipulag - Miðsvæði og Suðurnes - Álftanes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir miðsvæði og suðurnes Álftaness.


Í lýsingu kemur fram að skipuleggja á nýja blandaða íbúðabyggð á miðsvæði og suðurnesi Álftaness. Einnig kemur fram að heildarstærð skipulagssvæðisins er um 94 ha.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu. Umhverfisstofnun telur þá tillögu er fram kemur á mynd 3, sem sýnir nýja byggð þar sem græn svæði eru kringum húsáþyrpingar falla vel að núverandi byggð Álftaness.

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um áhrifaþætti sem verða skoðaðir í væntanlegu deiliskipulagi og umhverfisskýrslu.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur